






Um okkur

Strúktúr ehf er fyrirtæki í innflutningi á CLT timbureiningahúsum, gluggum, hurðum, utanhússklæðningum, límtré-, stálgrindarhúsum og yleiningum. Við bjóðum einnig dúka utan á hús og smíðatimbur, lerki og margt fl. Við getum séð um alla teiknivinnu sé þess óskað. Að baki Strúktúr býr áratuga reynsla. Fyrirtækið er rekið með hámarks hagkvæmni í huga með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Eigendur eru Ingólfur Á. Sigþórsson og fjölskylda. Stefna fyrirtækisins er að bjóða vörur sem standast íslenskt veðurfar og uppfylla alla staðla og gæðakröfur sem kaupandinn gerir.

Strúktúr velur sér samstarfsaðila af kostgæfni hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda birgja.

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin







Einingahús CLT

krosslímt tré

Krosslímdar timbureiningar

Að byggja úr CLT-timbureiningum er í dag gríðarlega álitlegur kostur bæði hvað varðar gæði, hagkvæmni og vistfræði. Áhugi á að byggja úr timbri hefur aukist ekki síst í ljósi þess að það er verið að nota endurnýtanlegt efni. Efnið kemur tilsniðið á byggingarstað sem gerir það að verkum að það er fljótlegt að reisa og loka húsinu.

Í dag getum við boðið upp á þessa lausn frá Binderholz í Austurríki. Þeir byrjuðu í timburframleiðslu 1950 og hafa síðan 2006 framleitt CLT BBS timbureiningar. Við getum boðið uppá heildarlausn eða það sem óskað er eftir.

Ástæður þess að velja CLT timbureiningar

- Umhverfisvænt
- Bindur kolefni
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Minni einangrun utan á einingarnar þar sem einingin er með hátt U gildi
- Fljótlegt í uppsetningu, styttr byggingartíma á verkstað.






Strúktúr býður upp á danska glugga og hurðir frá Kastrup

Kastrup var stofnað 1995 og hóf starfsemi sína með einum starfsmanni í framleiðslu á pvc gluggum. Í dag eru starfræktar tvær verksmiðjur og skrifstofur á Vestur Jótlandi með um 200 starfsmenn.

Kastrup er eini gluggaframleiðandinn í Danmörku sem getur boðið upp á glugga og hurðir í öllum hefðbundnum efnisgerðum þ.e. pvc, pvc/ál, tré, tré/ál og ál gluggakerfi. Hjá Kastrup er lögð rík áhersla á efnisgæði, öryggi, frumlegar lausnir og fagurfræði.

Til að tryggja hámarksgæði er allt ferlið frá A-Ö, hvort sem um er að ræða vörupróun, hönnun, efnisval eða framleiðslu og afhendingu í þeirra eigin höndum eða eins og Kastrup kys að kalla það: 100% Made In Denmark.


Allir gluggar frá Kastrup eru vottaðir fyrir íslenskar aðstæður.



Timbrið í gluggunum frá Kastrup er unnið úr hægvaxinni furu með 90% kjarnahlutfalli. Hægvaxin tré hafa mesta styrkinn og því augljóst val fyrir gluggaefni. Furan inniheldur einnig trjákvöðu sem veitir náttúrulega vörn gegn myglu. Til að ná hámarksgæðum er timbrið skannað og snyrt þannig að kvistum og sprungum er haldið í lágmarki. Allt timbur í gluggum frá Kastrup er unnið úr sjálfbærum skógum.

Ytra byrðið á glugganum þarf að þola mikið álag vegna veðrunar. Álið sem Kastrup notar þarfnast lágmarksviðhalds. Þannig er langur líftími glugganna tryggður. Ending álsins er háð gæðum duftlökkunarinnar. Hjá Kastrup er aðeins notað hágæða duftlakk sem er viðurkennt fyrir notkun utanhúss.

Hjá Kastrup eru hinir ríku kostir koltrefjaplasts í hávegum hafðir. Efnið er sterkt, heldur lögun og hefur einangrunareiginleika í hæsta gæðaflokki. Í prófílum úr koltrefjaplasti er ekki þörf á styrkingu úr málm og því er engin kuldabrá. Þar að auki er holrými í prófílum sem lágmarkar kuldaleiðni. Hægt er að endurnýta efnið allt að 60 sinnum og því um afar umhverfisvænt efni að ræða.






Z Strúktúrhús - stálgrindarhús, sérhönnuð fyrir íslenskt veðurfar

Z Strúktúrhúsin eru einstaklega hagkvæmur kostur þegar byggja á hús. Þau eru auðveld í uppsetningu og koma tilsniðin og forboruð þannig að það má segja að þetta sé eins og Lego fyrir fullorðna. Húsin koma með fullkomnum teikningum, hver biti og hvert stykki er merkt þannig að auðvelt er að átta sig á öllu. Allar byggingar eru sniðnar að þínum þörfum og standast íslenskt veðurfar og uppfylla allar álagsforsendur.



Yleiningar Klæðningar

Strúktúr býður upp á margar gerðir klæðninga fyrir stálgrindarhús. Yleiningar með PIR- eða steinullarkjarna og einfaldar stálklæðningar allt eftir þínum óskum. Einnig bjóðum við upp á mismunandi áferðir.



Evrópskur fram- leiðandi á þak- og utanhúsklæðningar



Svarið er stál

Með meira en 30 ára reynslu er Joris Ide trygging fyrir gæðum á byggingarmarkaði.



Límtré og límtréshús frá Binderholz

Límtré hefur marga kosti, meðal annars hlýleika, styrk, háa brunamótstöðu og hentar því einstaklega vel í allar gerðir bygginga. Allar byggingar eru sniðnar að þínum þörfum þannig að hægt er að leggja fram eigin óskir við hönnun. Byggingarnar standast íslenskt veðurfar og uppfylla allar álagsforsendur með gæði og styrkleika í fyrirrúmi. Binderholz framleiðir aðeins límtré í hæsta gæðaflokki. Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar. Gerið samanburð – það borgar sig.







Utanhúss klæðning

Jorisode Stál- og álnklæðning

Strúktúr býður fjölbreytt úrval af klæðningu á útveggi og þök. Joris Ide er leiðandi framleiðandi í stál- og ál-klæðningu og hafa verið í yfir 30 ár. Fyrirtækið var stofnað í Belgíu en er í dag með starfsemi víða í Evrópu. Viðskiptavinir geta valið um fjölbreytt úrval lita og forma hvort sem valin er hefðbundin bára eða sér beygðar plötur. Viðskiptavinur getur einnig hannað sitt eigið form og þannig skapað útlit húss sem er algjörlega einstakt. Hágæða húðun efna tryggir að vörn gegn tæringu hentar vel íslensku veðurfari.







SVK trefja-sement

Í yfir 100 ár hefur SVK framleitt efni til bygginga og í dag er megin framleiðslan plötur til klæðningar úr trefja-sementi. Plöturnar hafa alla kosti góðrar klæðningar sem og gott veðrunarþol og endingartíma, brunamótstöðu í A-flokki og fjölbreytt úrval lita og áferða. Efnið er sterkt og hentar vel hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða endurbótaverkefni. Hægt er að festa plötur með mismunandi hætti, skrúfa, hnoða eða líma þannig að engar festingar verði sjáanlegar. SVK trefjasement er viðhaldslítið, endurvinnanlegt efni sem hentar einstaklega vel harðgerðu íslensku veðurfari.

Nordik klikfals

Nordik klikfals klæðning, framleidd í Danmörku sem hentar jafnt á vegg og þök. Um er að ræða læsta stálklæðningu sem gefur húsum einstaklega klassískt og stílhreint yfirbragð. Klæðningin er mjög einföld í uppsetningu og kemur að miklu leyti tilsníðin fyrir hvert verkefni fyrir sig. Lita- og áferða val er fjölbreytt og koma plöturnar í tveimur breiddum, með og án styrktar brots. Húðun efnisins er af háum gæðum sem tryggir góðan endingartíma.


Vinylit klæðning

Vinylit klæðning með náttúrustein er fáanleg í mörgum litum. Efnið veitir góða veðurvörn og er einfalt í uppsetningu.

Timburklæðning

Timburklæðning gefur hlýlegt og náttúrulegt yfirbragð. Strúktúr býður upp á hágæða timburklæðningu t.d. larki sem unnið er úr sjálfbærum skógum Austurríkis. Hægt er að velja mismunandi þykktir, breiddir og form.





Strúktúr ehf

Bæjarflöt 9, 112 Reykjavík

struktur@struktur.is

588-6640

Opnunartími

Mán. - Fim.08:00 - 16:00

Fös.09:30 - 15:00

